

Góðir félagsmenn.

Stjórn klúbbsins þetta árið skipuðu auk mín, Brynjar Stefánsson varaformaður, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Dagmar Guðrúnardóttir ritari og Hannes Björnsson meðstjórnandi. Auk þess voru þeir Knútur Hauksson og Guðjón Bragason í varastjórn.

Völlurinn okkar kom ekki sérlega vel undan vetrinum, frekar en aðrir vellir á sv horninu, sem þýddi þónokkrun skaða á honum þetta árið. Vorið var einstaklega þurrt og kalt. Klakamyndun var lítil eftir að blásið var af flötunum í janúar og það fór því miður svo að blásarinn skildi eftir sig rendur í flötum sem eru orðnar meðlimum klúbbsins góðkunnar. Sumarið var svo annaðhvort í ökkla eða eyra veðurfarslega séð. Vorið var kalt, mjög blautt lítill hiti fram í Júlí. Í Maí komu 235mm af úrkomu en í Júlí kom ekki nema 1.7mm úr lofti. Erfiðlega gekk að koma vexti í allan völlinn og þá helst flatirnar. Enda fóru þær ekki að batna fyrr en alveg undir lok sumarsins.

Þetta veðurfar fór einstaklega illa með nýju flatirnar okkar (4. og 6.) og erfiðlega gekk að halda raka í þeim. Einnig fór þurrkurinn og hitaleysi framan af illa með nýju teigana á 3. braut en þeir tóku vel við sér undir lok sumars og stefnt er að því að hafa þá í topp standi fyrir meistaramót 2024.

Stærsta vandamál sumarsins var þó vatnsskorturinn en vatnsbólið okkar þornaði upp og það þurfti að grípa til þess að keyra vatn í vatnstönkum út á völlinn og dæla því yfir teiga og flatir. Þetta hjálpaði eitthvað en var tímafrekt og engan vegin fullnægjandi í þeim þurrki sem stóð yfir í nokkrar vikur. Við vonum að þetta komi ekki upp aftur og erum að vinna í lausnum til að koma í veg fyrir að svo verði.

Vallarstjóri og aðrir starfsmenn vallarins lögðu sig þó alla fram í að halda vellinum í sem allra besta standi í sumar en það var vissulega ekki auðvelt á köflum og erfitt að ráða við móðir náttúru en við lærum af þessu og verðum að vona að næsta ár reynist okkur betur.

Fjöldi vallarstarfsmanna hefur reyndar aldrei verið meiri en í sumar en þau voru 9 þegar mest var að Einari vallarstjóra meðtöldum.

Vinnudagurinn var haldinn 27. Maí sem er um tveimur vikum seinna en almennt gerist og þurfti að tvífresta honum vegna veðurs og ástands vallarins. Það stóð þó ekki á mætingu félagsmanna frekar en fyrri ár og mikill fjöldi verkefna kláraður. Þau helstu voru grjóthreinsun á 7. og 16. brautum, lagfæring á stígum, trjásnyrtingar, sandur lagaður til og bætt í glompur, tekið til innanhúss sem utan og vallarklósett standsett og skreytt. Það verður seint fullmetið það starf sem félagsmenn leggja af mörkum á þessum dögum og skiptir sköpum í vallarstarfinu.

Spilluðum hringjum fækkaði talsvert á árinu frá árinu 2022 og voru um 17.000 miðað við rúmlega 19.000 árið á undan en hafa verður í huga að í maí var völlurinn alveg lokaður og júní mjög slæmur veðurfarslega. Þrátt fyrir þessa fækkun þá jukust tekjur af vallargjöldum um 32% á milli ára eða um tæpar 5 milljónir. Þetta þökkum við að mestu því að greiða þurfti fyrir vallargjöld strax við skráningu en einnig að ákveðið var að ráða til vinnu tvo ræsa sem voru til staðar á mestu álagstímum og sáu til þess að enginn færi út á völl án þess að hafa staðfest tímann sinn og greitt fyrir hann eða í það minnsta að gera grein fyrir sér.

Framkvæmdir á vellinum framan af sumri voru nokkrar en kannski helst að nefna vinnu við nýja teiga á 3. Braut, nýtt salerni við teigana á 6. og 8. braut og svo svæðið hægra megin við 7. flöt sem var grafið upp og skipt um jarðveg ásamt því að grafa fyrir nýjum stíg frá flötinni. Einnig var teigurinn á 6. braut lagaður til og snyrtur. Þegar leið á sumarið var ljóst að 9. flöt væri það illa farin að skynsamlegast væri að taka hana úr notkun og byggja upp aftur frá grunni. Hún var því ekki í notkun stóran hluta sumarsins en í stað þess var notast við gömlu 9. flötina sem hafði nýst sem æfingarflöt. Undir lok sumarsins hófst svo vinna við þessa endurbyggingu og er hún vel á veg komin og stefnan sett á að hún verði tilbúin til sáningar

núna í vor. Einnig er vinna hafin við að loka skurðinum á 12. braut og verður hann tilbúinn til tyrfingar í vor.

Vélakostur klúbbsins er góður og honum mjög vel við haldið. Eitthvað var þó um bilanir í sumar sem þó aðallega tengdust vinnubílunum og golfbílunum en sláttutækin sjálf voru almennt í góðu standi allt sumarið. Nýja flatarsláttuvélin sem beðið hefur verið eftir í langan tíma kom loksins núna í október og mun fara í fulla notkun strax og þörf verður á í vor. Golfbílar til útleigu voru 8 í sumar og dugði oft ekki til þar sem eftirspurn var mikil.

Fyrir liggur að þörf er á endurnýjun á bæði brautarsláttuvél og röffsláttuvél en það liggur einnig fyrir að þessar vélar hafa hækkað mikið í verði og kosta nýjar í dag samtals um 40 milljónir.

Þetta er stór fjárfesting og því hafa þessi mál verið skoðuð í víðu samhengi þar sem ný tækni í formi **slátturóbóta** hefur komið fram og þróast hratt á síðustu árum og allar líkur benda til að taka muni við af þessum hefðbundnu sláttuvélum. Sú tækninýjung sem hvað mestu hefur breytt er að nú er hægt að fá þessi tæki með GPS stýringu og því ekki lengur þörf á að leggja víra í jörð til að stýra sláttulínunum. Í því ljósi hefur stjórnin því tekið þá ákvörðun að fjárfesta strax á næsta ári í þeirri tækni fyrir allan völlinn með öllum þeim búnaði sem tilheyrir. Í því skyni fengum við lánaðan einn róbot í september til prufu og virkaði hann að öllu leyti mjög vel.

Helsti kosturinn við róbotana er afkastageta þeirra og sjálfvirkni en með tilkomu þeirra mun gefast mun meiri tími í uppbyggingar verkefni og viðhald á umhverfi vallarins sem erfiðara er að finna tíma fyrir í dag. Með núverandi vélakosti getum við slegið röffið 2x í viku að hámarki ef slátturmaður nær að slá að mestu óhindrað. Með róbotum getum við auðveldlega slegið röff 3-4x í viku. Helsti ávinningurinn verður sá að vélarnar koma ekki til með að skilja eftir sig slægju sem boltar týnast í og slátturinn er betri. Einnig er viðhald á róbotum umtalsvert auðveldara og minna og umboðsaðili kemur til með að eiga alla varahluti til á lager og koma þannig í veg fyrir að vélar standi óhreyfðar yfir hásumar.

Áætlað er að þessi fjárfesting mun kosta klúbbinn um 30 milljónir í heildina en á móti munu klárlega sparast talsverðar fjárhæðir í viðhaldskostnaði, eldsneytiskostnaði og vinnu við slátt.

Haldin voru 10 mót á vegum **mótanefndar** sem er sama og árið á undan. Fjölda keppenda í mótunum fækkaði lítillega en tæplega 1100 manns tóku þátt þetta árið.

Mótin tókust almennt mjög vel en fresta þurfti Kristalsmótinu fram í lok ágúst vegna þátttökuleysi. Einnig var lítil þátttaka í bikarkeppninni þar sem fella þurfti niður báða forkeppnisdagana í maí. Jónsmessumótið kom sterkt inn með góða þátttöku og önnur mót voru svipuð og áður. Stóra GÖ var fjölmennasta mótið með 212 þátttakendum og 164 tóku þátt í hinu árlega Hjóna og Paramóti sem Golfskálinn styrkti á glæsilegan hátt. Það samstarf hefur gengið mjög vel og vonumst við til að það haldi áfram um ókomin ár.

Meistarmótið tókst með ágætum og var metþátttaka enn eitt árið en 119 keppendur voru í mótinu. Klúbbmeistarar 2023 voru Eva Fanney Matthíasdóttir í kvennaflokki og Sindri Snær Skarphéðinsson í karlaflokki. Bikarmeistari ársins 2023 var Sigrún Bragadóttir sem sigraði Birnu Stefnisdóttir í úrslitaleik á lokaholu keppinnar.

Við óskum öllum þessum verðlaunahöfum enn og aftur til hamingju með frábæran árangur.

Öldungasveitin okkar í karlaflokki sem var í annarri deild spilaði í Sandgerði en náði ekki að halda sér þar og féll í þriðju deild. Kvennasveitin spilaði í annarri deild á Höfn og náði 5. Sæti þannig að þær héldu sig í deildinni. Meistaraflokkur karla spilaði á Húsavík í 3. Deild þetta árið og náði 4. Sæti þannig að þeir munu einnig spila í sömu deild að ári.

Kvennastarfið á vegum kvennanefndar var öflugt í sumar eins og áður. Konurnar hittast reglulega á föstudögum, spila alls konar útgáfur af 9 holu keppnum og borða saman á eftir í skálanum.

Hin Árlega Bikarkeppni kvenna við Kiðjabergið var spiluð í Kiðjaberginu 25. Júní þetta árið í snarvitlausu veðri þannig að einungis voru spilaðar 9 holur . Kiðjabergskonur unnu bikarinn þetta árið en það verður bætt úr því á næsta ári. Lokamótið fór svo fram á Flúðum og var uppselt í ferðina að vanda.

Framundan er stórt ár hjá Klúbbnum okkar þar sem við fögnum fimmtíu ára afmæli. Þetta er svo sannarlega tilefni til að gera sér marga glaða daga og nú þegar hefur hafist undirbúningur að því að gera árið sem veglegast. Það er okkar von og trú að völlurinn muni skarta sínu fegursta og margar hugmyndir komnar fram um hvað megi gera til að bæta ásýnd hans. Skipaðar hafa verið þrjár nefndir til að leiða þetta undirbúningsstarf.

Kristín Guðmundsdóttir leiðir ritnefnd sem sér um að skrá sögu klúbbsins frá stofnun og hefur þegar hafið störf. Hún hefur nú þegar fengið til liðs við sig marga góða einstaklinga sem vel þekkja til sögunnar og þar hefur mikil upplýsingaöflun átt sér stað. Myndasyrpan sem var hér áður en fundur hófst og var gerð af Þuríði Jónsdóttir er ein af þeim afurðum en mikið magn af myndum og öðrum skráðum upplýsingum hefur nú þegar verið safnað saman til að vinna úr söguna. Ég efast ekki um að þessu verða gerð góð skil á næstu mánuðum.

Brynjar Stefánsson varaformaður klúbbsins mun svo leiða afmælisnefnd sem skipuleggur glæsilegan afmælisfagnað næsta sumar þar sem öllum klúbbmeðlimum verður boðið til veislu ásamt örugglega mörgu öðru.

Svo munu Knútur Hauksson og Guðjón Bragason skipuleggja afmælisgolf ferð í samstarfi við Golfskálann næsta haust. Nú þegar hafa 120 manns skráð sig á lista yfir þá sem hafa áhuga á að vera með í þeirri ferð þannig að allt stefnir í frábæran endi á golfári GÖ afmælisárið 2024.

Ég er nú að klára mitt fyrsta ár sem formaður GÖ. Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt ár fyrir mig þótt ég hafi tekið þátt í starfi

stjórnar síðustu ár. Þetta er skemmtilegt starf og fyrir mig heiður að fá að gegna þessu mikilvæga starfi fyrir klúbbinn.

Ég er mjög sáttur við reksturinn á árinu og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Veltan hefur aukist talsvert og framundan eru miklar breytingar sem gaman verður að takast á við.

En enginn er eyland eins og segir og í stjórninni er úrvalsfólk sem mig langar að þakka kærlega fyrir samstarfið á árinu. Ég vil einnig þakka Einari Vallarstjóra og hans fólki ánægjulegt samstarf, Svenna framkvæmdastjóra, Siggú á skrifstofunni og öllum öðrum starfsmönnum og nefndarmönnum ásamt Joost og Helgu og þeirra fólki í veitingasölunni.

Samstarfs- og styrktaraðilum klúbbsins færi ég okkar bestu þakki fyrir stuðningur sem skiptir sköpum í starfi klúbbsins.

En síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa í gegnum tíðina lagt fram mikla og óeigingjarna vinnu sem hefur gert þennan klúbb að því sem hann er í dag núna um 50 árum eftir stofnun.

Að lokum vil þakka öllum félagsmönnum fyrir samstarfið á árinu.

Takk fyrir mig.

Guðmundur Pálmason